

Aðalfundur sunddeildar Keflavíkur 26.jan 2009.

1. mál: Fundarsetning.

Aðalfundur sunddeildar Keflavíkur haldinn í K-húsinu 26. janúar 2009 kl. 20.00. Guðmundur formaður setti fundinn og bauð alla fundarmenn velkomna. Á fundinn voru mættir 19 fundarmenn sem skráðu sig á meðfylgjandi blað.

2. mál: Kosning fundarstjóra.

Sigurbjörg var kosinn fundarstjóri.

3. mál: Kostning fundarritara.

Guðbjörg Lilja var kosinn fundarritari.

4. mál: Fundargerð síðasta aðalfundar.

Formaður fór yfir síðustu fundargerð. Fundargerð samþykkt athugasemdalaust.

5. mál: Skýrsla stjórnar.

Guðmundur las upp skýrslu stjórnar og fór yfir atburði s.l. árs. Árið 2008 var einkar glæsilegt hjá sundmönnum í Reykjanesbæ sem unnu öll liðaverðlaun sem hægt var að vinna á árinu. Taldi Guðmundur upp helstu afrek ársins bæði í liðakeppnum, einstaklings- og boðsundsgreinum innanlands sem utan.

Á árinu voru þrjú mót haldin í Vatnaveröld. Sparisjóðsmótið í maí, AMÍ í júní og Bikarmót 2008 í júlí. Öll þessi mót voru ÍRB til mikils sóma svo eftir var tekið. Okkar helstu styrkaraðilar, Sparisjóðurinn í Keflavík og Samkaup gerðu okkur kleift að halda þessi mót með þessum myndarbrag. Ekki má gleyma Sigurjóni bakara sem hefur sýnt okkur vinarbrag í mörg ár.

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson var valinn Sundmaður Keflavíkur árið 2008.

Á lokahófi IM 25 voru þeir Steindór og Eðvarð valdir þjálfarar ársins 2008. Frábærir þjálfarar sigursælasta sundliðs ársins 2008.

Fram kom að æfingargjöld hafi hækkað um 10% og var það gert til að koma til móts við hækkanir í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir þessa hækkun þá býður sunddeild Keflavíkur upp á ódýrari æfingargjöld en þau félög sem við berum okkur saman við.

Í júlí fóru 43 sundmenn ásamt þjálfurum og 4 fararstjórum í æfingaferð til Calella á Spáni.

Í Heiðarskóla æfa börn á aldrinum 2-6 ára undir stjórn Sóleyjar Margeirsdóttur.

Steindór Gunnarsson æfir eldri hóp ÍRB, og Eðvarð æfir yngri hóp ÍRB í Vatnaveröld.

Iðkendum fækkaði í haust en eftir heilsíðu auglýsingu í Víkurfréttum í byrjun árs 2009 skiluðu sér inn nýjrir iðkendur, vonandi til lengri tíma.

Skýrsla stjórnar samþykkt athugasemdalaust.

6. mál: Ársreikningar lagðir fram

Sigríður fór yfir ársreikning síðasta árs. Deildin var rekin með hagnaði.

Ársreikningar samþykktir.

7. mál: Kaffihlé.

8. mál: Kosningar.

A) Kosning formanns:

Guðmundur Jón Bjarnason kosinn einróma.

B) Kosning meðstjórnenda:

Sigurbjörg Róbertsdóttir, Guðbjörg Lilja Jónsdóttir, Falur Helgi Daðason og Ásta Gunnarsdóttir voru kosinn einróma.

C) Kosning í varastórn:

Þórhildur Jónsdóttir, Hjördís Kristinsdóttir og Júlíus Friðriksson kosin einróma.

D) Endurskoðendur:

Sömu endurskoðendur verða áfram og verið hafa, þeir Daði Þorgrímsson, Margeir Þorgeirsson og til vara Birgir Ingibergsson.

Formaður tók það fram að baki farsælu sundstarfi væri góð stjórn og farsælt foreldrasamstarf. Hann þakkaði Sigríði og Guðrúnu fyrir mjög gott starf síðastliðin ár.

Tillögur um nefndir liggja ekki fyrir.

9. mál: Æfingagjald fyrir næsta starfsár.

Ákveðið að vísa því til stjórnar.

10. mál: Fjárhagsáætlun næsta starfsárs lögð fram.

Guðmundur lagði fram fjárhagsáætlun 2008. Fjárhagsáætlun samþykkt einróma.

11. mál: Önnur mál.

Badda bað um orðið og talaði fyrir hönd Aðalstjórnar Keflavíkur. Badda þakkaði góða skýrslu og bar fyrir kveðju frá formanni Keflavíkur. Hún sagði að í september ætti Keflavík 80 ára afmæli. Af því tilefni væri verið að rita sögu félagsins sem spannar allar deildir félagsins. Hún bað stjórn að minna á Landsmót 9-12 júlí, Unglingalandsmót í sumar og á Aðalfund félagsins 26.feb. Badda sagði frá því að Daði og Margeir komu að stofnun SK fyrir 25 árum og að lokum óskaði hún nýrri stjórn til hamingju og þakkaði fyrir sig.

Formaður bar fram bréf frá formanni SSÍ og minntist á sundþing SSÍ í febrúar 2009. Jafnframt sagði Guðmundur að það væri skylda félagsins að taka þátt í starfi SSÍ sem við og gerum.

12.mál fundi slitið.

Sigurbjörg slítur fundi kl.21.15.

Fundarritari Guðbjörg Lilja Jónsdóttir.

